

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Hydrocortisonum (gildir eingöngu fyrir alkóhólinn) í blöndu með Miconazolom	Lyfjaform til útvortis notkunar. Styrkleiki Hydrocortisonum ekki yfir 10 mg/g og styrkleiki Miconazolom ekki yfir 20 mg/g. Mest 15 g handa einstaklingi.	DAKTACORT, krem	Sveppasýking á fótum, þegar mikill kláði fylgir. – Texti á fylgiseðli samkvæmt ákvörðun ráðuneytis.

3. gr.

Eftirfarandi skal bætt við í viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Hydrocortisonum (gildir eingöngu fyrir alkóhólinn) í blöndu með Miconazolom	Lyfjaform til útvortis notkunar. Styrkleiki Hydrocortisonum ekki yfir 10 mg/g og styrkleiki Miconazolom ekki yfir 20 mg/g. Mest 15 g handa einstaklingi.	DAKTACORT, krem	Sveppasýking á fótum, þegar mikill kláði fylgir. – Texti á fylgiseðli samkvæmt ákvörðun ráðuneytis.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. mars 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur; hreinsi- og dælustöð við Eiðsgranda/Ánanaust.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 4. mars 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að hreinsi- og dælustöð sem fyrirhuguð var á miðjum Eiðsgranda verði komið fyrir þannig að byggð verði lítil dælustöð á móts við SÍF-skemmuna og að hreinsi- og dælustöðin verði við gatnamót Ánanausta og Mýrargötu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 17. mars 1992.

F. h. r.
Páll Línal.

Hrafn Hallgrímsson.